

## Fundargerð Þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

2. fundur þjóðgarðsráðs Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, haldin 10. maí 2022, klukkan 15:00 í fjarfundi.

*Mættir: Kristinn Jónasson (formaður), Magnús Aðalsteinn Sigurðsson (Minjavörður), Inga Dóra Hrólfsdóttir (sviðsstjóri), Daniel Bergmann mætti sem varamaður Önnu Hallgrímsdóttur (Náttúruverndar-samtök), Þórður Runólfsson (ferðaþjónustan) og Jón Björnsson (Þjóðgarðsvörður) sem ritar fundargerð. Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar mætti sem gestur.*

*Fjarverandi: Iðunn Bragadóttir (Samút)*

### 1. Mál

Kristinn bíður alla velkomna. Fundargerð fyrsta fundar borin upp og samþykkt.

### 2. Mál

Sigrún Ágústsdóttir ávarpaði fundinn og ræddi um stöðu þjóðgarðsráðs og þjóðgarðsins.

### 3. Mál

Kristinn spurði um fjárheimildir vegna hugsanlegs kostnaðar funda þjóðgarðsráðs, þ.e. ferðakostnaður þegar staðarfundir eru haldnir í þjóðgarðinum. Sigrún óskar eftir tillögum formanns að fjölda funda þar sem ráðið hittist. Jafnframt var rætt um fyrsta staðarfund ráðsins og verður tímasetning skoðuð samhliða afhendingu þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi.

### 4. Mál

Bílastæði við Þjóðgarðsmiðstöð/ kynntar teikningar og rætt um fjármögnun bílastæðis

### 5. Mál

Staða varðandi flutning salerna frá Djúpalóni að vegamótum. Jón upplýsti að stöðuleyfi væri þegar fengið fyrir nýja staðsetningu húsanna og að beðið væri eftir leyfi frá Vegagerðinni til þess að fara með vatns- og raflögn gegnum Útnesveg. Hreinsivirki er í pöntun. Þá er unnið að uppmælingu svæðisins og hnitsetningu væntanlegs nýs salernishúss. Bráðabyrgðar bílaplan verður sett við aðfluttu salernin.

*Sigrún vikur af fundi*

### 6. Mál

Inga upplýsti fundargesti um tilfærslur í starfsmannamálum. Núverandi þjóðgarðsvörður, Jón Björnsson fer til annarra starfa hjá Umhverfisstofnun og sérfræðingur stofnunarinnar á Hellu, Hákon Ásgeirsson tekur við stöðu þjóðgarðsvarðar. Tryggt verður að ekki myndist gap á milli starfsmanna við flutninginn. Staða sérfræðings þjóðgarðsins verður auglýst á næstu dögum. Nýir starfsmenn sem ráðnir verða samhliða opnun þjóðgarðsmiðstöðvar verða tekin upp samhliða og tímasetning opunar liggur fyrir.

### 7. Mál

Staða á Íbúðarhúss á Malarrífi. Jón upplýsti að veggjatítlur hafi fundist á afmörkuðum stað í húsinu. Þrír kostir eru í umræðu um framtíð hússins. Kannað verði hvort veggjatítlur séu enn til staðar og hvort útbreiðsla hafi átt sér stað og ef niðurstöður sýna að svo sé ekki er stefnt að því að halda áfram endurbyggingu, hús verði rífið og sambærilegt reist úr timbri á staðnum eða húsinu breytt í verkstæði

og geymslu. Daníel spurði hvers vegna húsið væri látið standa og sagði Jón að ástæða lægi í heildarmynd staðarins.

Önnur mál:

- a) Stutt umræða um ferðapjónustu og horfur
- b) Rætt um landvörslu í þjóðgarðinum og mönnun hans í sumar
- c) Næsti fundur verður tímasettur með tölvupóstum

Fundi slitið kl. 16:00